



Hvaða augum líta börn leikskólakennara? Hlutverk og miðlun gilda í leikskólum

Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Greinin byggir á tveimur rannsóknum þar sem leitað var eftir hugmyndum barna um hlutverk og ábyrgð leikskólakennara. Þannig var reynt að skilja þau ómeðvituðu og meðvituðu gildi sem starfsfólk leikskóla miðlar til barna. Byggt er á hugmyndafræði bernskurannsókna þar sem litið er svo á að bernskan sé félagslega mótuð og lögð er áhersla á sjónarmið og þátttöku barna. Jafnframt er tekið mið af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992) sem lagði mikilvægan grunn að réttindum og hæfni barna og áhersla er lögð á rétt barna til að tjá skoðanir sínar á málefnum sem varða þau. Markmiðið með greininni er að varpa ljósi á sýn barna á hlutverk fullorðinna í leikskólanum og út frá því er leitast við að greina þau gildi sem starfsfólkið miðlar til barnanna í daglegu starfi. Niðurstöður rannsókna sýndu að í augum barnanna voru hlutverk starfsmanna margþætt og flókin og snerust um að stjórna, veita umhyggju, að veita stuðning og að vera leikfélagi. Þessi fjögur hlutverk voru flokkuð og greind í þrjú samofin gildi: Aga, umhyggju og þátttöku. Rannsóknin sýnir hæfni barnanna til að tjá reynslu sína og sjónarmið á fjölbreyttan hátt og mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla hlusti á sjónarmið barna í daglegu starfi leikskólans.

Efnisorð: Sjónarmið barna, hlutverk leikskólakennara

Inngangur

Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á sýn barna á hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla og er hún byggð á tveimur rannsóknum, annars vegar með eins til þriggja ára börnum og hins vegar með fimm og sex ára leikskólabörnum (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015; Jóhanna Einarsdóttir, 2014). Leitað var eftir hugmyndum barnanna um hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og annars starfsfólks á deildum.¹ Út frá því var leitast við að greina þau gildi sem starfsfólkið miðlar til barnanna í daglegu starfi gegnum orð og athafnir. Með því að skoða hvaða augum börnin líta á skyldur, hlutverk og athafnir starfsfólksins var reynt að skilja þau ómeðvituðu og meðvituðu gildi sem það miðlar til barnanna.

Bernskurannsóknir

Rannsóknirnar sem liggja til grundvallar þessari grein byggjast á hugmyndafræði bernskurannsókna þar sem leitast er við að skilja bernskuna eins og hún snýr að börnum. Litið er svo á að bernskan sé félagslega mótuð og lögð er áhersla á sjónarmið og þátttöku barna. Bernskurannsóknir hafa þróast

¹ Í greininni er talað um leikskólakennara og annað starfsfólk á deildum jöfnum höndum. Ekki er gerður greinarmunur á þessum hópum.

á undanförunum áratugum og byggjast þær á trú á styrkleika barna og hæfni til að taka þátt og hafa áhrif á umhverfi sitt. Talað er um börn sem sérfræðinga í eigin lífi og gengið er út frá því að þau séu fær um að tjá skoðanir sínar og reynslu. Rætt er um rannsóknir með börnum en ekki á börnum og lögð er áhersla á að læra af börnum í stað þess að læra um börn (Dahlberg og Moss, 2005; James og Prout, 1997; Jenks, 2004; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Qvortrup, 1994).

Auk hugmyndafræði bernskurannsókna lagði Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992) mikilvægan grunn að réttindum barna til þátttöku í rannsóknum, þó að sáttmálinn fjalli ekki sérstaklega um rannsóknir (Alderson, 2012). Sáttmálinn vakti athygli á samfélagslegri stöðu barna og í kjölfar hans urðu málefni barna og réttindi þeirra alþjóðlega viðurkennd. Áhersla er lögð á virðingu fyrir sjónarmiðum barna og rétti þeirra til að tjá sig um málefni sem varða þau. Barnasáttmálinn tekur einnig á rétti barna á vernd fullorðinna fyrir hugsanlegri skaðlegri reynslu. Seinni tíma viðbót við sáttmálann, *General Comment No. 7* (United Nations, 2005), beindist sérstaklega að réttindum barna undir átta ára aldri. Rannsóknir með börnum hafa einmitt sýnt fram á hæfni þeirra til að eiga samskipti með merkingarbærum hætti frá unga aldri og bent hefur verið á mikilvægi þess að líta einnig til óyrtrar tjáningar þegar leitað er eftir sjónarmiðum ungra barna (Sommer, 2012; Trevarthen og Aitken, 2001). Jafnframt hefur verið bent á að þátttaka barna í leikskólastarfi þýði að börn hafi rétt til að upplífa að afstaða þeirra sé virt í daglegu lífi í leikskólanum (Bae, 2009).

Baráttan fyrir réttindum barna og bernskurannsóknið skarast, þar sem sýn á börn sem borgara og staða þeirra í samfélaginu er í öndvegi. Þessar hugmyndir fela í sér áherslu **á börn sem virka borgara með reynslu og skoðanir sem ber að læra af** (Alanen, 2011; Kjörholt og Qvortrup, 2012; Quennerstedt og Quennerstedt, 2014).

Gildi og miðlun gilda

Leikskólar eru mikilvægur vettvangur þar sem börn læra um gildi (e. values) í mannlegum samskiptum (Emilson og Johansson, 2009; Hrönn Pálmadóttir og Johansson, 2015). Hér eru gildi skilgreind sem leiðarvísir sem stýrir mannlegu hátterni (Halstead og Taylor, 2000). Litið er svo á að gildi séu samtvinnuð í huga og athöfnum einstaklingsins (Hitlin og Piliavin, 2004). Gildi vísa því til þess sem kennarar og börn líta á sem eftirsóknarvert í samskiptum, hugsunum, hæfni og reglum.

Með miðlun gilda (e. values education) er átt við starfshætti og aðstæður þar sem gert er ráð fyrir að börn læri gildi, sem og reglur, hæfni og venjur sem byggjast á gildum og talin eru mikilvæg í skólasamfélaginu (Halstead og Taylor, 2000; Thornberg, 2008). Miðlun gilda getur verið annars vegar afdráttarlaus, meðvituð og yrt, eins og t.d. í námskrám, og hins vegar ómeðvituð og óyrt, eins og virðist oft vera raunin í leikskólastarfi (Thornberg og Oguz, 2013). Þær athafnir og ákvarðanir sem kennarar taka í daglegu starfi sínu eru byggðar á gildum. Þannig er gildum miðlað gegnum félagslegt, menningarlegt og efnislegt umhverfi leikskólans. Rannsóknir hafa leitt í ljós að gildi eru oftast ómeðvituð og það er skortur á faglegu tungumáli og þekkingu um þau hjá kennurum. Sjaldan er rætt um gildi og miðlun gilda meðal kennara (Juutinen og Viljamaa, 2016; Thornberg og Oguz, 2013). Í leikskóla móta börn samfélög sín í samskiptum og leik. Í samskiptunum tjá börnin gildi og takast á um þau. Börnin nota flókið samskiptaferli til að tjá eigin sjónarmið og fyrirætlanir og bregðast um leið við sjónarmiðum annarra. Þannig miðla börnin og takast á um gildi sem tengjast því hvað er gott og slæmt, rétt og rangt í eigin athöfnum og hegðun, sem og félaganna (Hrönn Pálmadóttir, 2017; Johansson, 2011).

Í rannsókn þar sem áhersla var lögð á vinnu með gildi í leikskólastarfi kom fram að leikskólakennarar töldu mikilvægt að ræða gildi við börnin og hvetja þau til að reyna að skilja sjónarmið hver annars þegar þau voru studd við lausn ágreinings (Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2016). Börn tileinka sér þannig þau gildi sem talið er að séu mikilvæg innan veggja leikskólans í fjölbreyttum samskiptum innan félagahópsins og við starfsfólkið.

Rannsóknarspurningar

Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á sýn barna á hlutverk fullorðinna í leikskólanum og út frá því er leitast við að greina þau gildi sem starfsfólkið miðlar til barnanna í daglegu starfi með orðum sínum og athöfnum. Með því að skoða hvaða augum börn líta á skyldur, hlutverk og athafnir starfsfólksins er reynt að greina þau ómeðvituðu og meðvituðu gildi sem starfsfólkið miðlar til barnanna. Eftirfarandi rannsóknarspurningum verður svarað í þessari grein:

- Hvernig líta börn á hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks í leikskóla?
- Hvaða gildum miðla leikskólakennarar og annað starfsfólk í samskiptum sínum við börnin?

Aðferð

Greinin er byggð á tveimur rannsóknum sem fóru fram með 80 börnum í þremur leikskólum í Reykjavík (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015; Jóhanna Einarsdóttir, 2014). Fjórir barnahópar tóku þátt í rannsókninni. Í einum leikskólanum tóku 46 börn á aldrinum eins til þriggja ára þátt. Börnin voru á tveimur deildum; önnur var með börn á aldrinum eins til tveggja ára og á hinn deildinni voru börn á aldrinum tveggja til þriggja ára. Fjórir til fimm starfsmenn voru venjulega á hvorri deild og gegndu leikskólakennarar stöðu deildarstjóra. Í tveimur leikskólanna tóku 32 fimm og sex ára börn þátt. Á hvorri deild voru venjulega fjórir starfsmenn og voru deildarstjórnir leikskólakennarar.

Sjónarmið yngstu barnanna (eins til þriggja ára) voru að mestu fengin fram með myndbandsupptökum af samskiptum og leik barnanna sem stóðu yfir í fimm mánuði í einum leikskóla. Leikstundirnar sem voru myndaðar fóru fram í tveimur stórum og tveimur minni leikherbergjum eftir morgunmat og vörðu í um það bil klukkustund. Lítil upptökuvél var notuð til að fylgja börnunum eftir í leiknum. Vettvangsnótur voru ritaðar áður en myndbandsupptökur hófust og einnig samhliða myndbandsupptökunum (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015). Myndbandsupptökurnar voru afritaðar eftir á og greindar. Elstu börnin (fimm til sex ára) fengu einnota myndavélar til umráða og þeim var boðið að taka myndir af því sem þau voru að gera í leikskólanum, bæði af því sem þeim fannst skemmtilegt en líka því sem þeim leiddist. Þau gátu einnig tekið myndir af starfsfólkinu og því sem það var að gera í leikskólanum. Eftir að myndirnar höfðu verið framkallaðar voru tekin einstaklingsviðtöl við börnin, þau spurð út í myndirnar og það sem var á þeim. Myndirnar stýrðu viðtölunum. Fáar myndir voru teknar beinlínis af starfsfólkinu svo spurningar um starfsfólkið út frá myndunum voru oft settar fram sem tilgátur. T.d. var spurt: Ef starfsfólkið hefði verið þarna hvað myndi það vera að gera? eða: Hvað var starfsfólkið að gera þegar þú tókst þessa mynd? (Jóhanna Einarsdóttir, 2014).

Gagnagreining fór fram í tveimur þrepum. Þemagreining var notuð við flokkun gagna og til að koma auga á mynstur og þemu innan gagnanna (Braun og Clarke, 2013). Á fyrri þrepi greiningar var leitast eftir hugmyndum barnanna um hlutverk og ábyrgð leikskólakennara. Við greiningu var leitast við að kanna og túlka þá merkingu sem börnin lögðu í samskiptin við starfsfólk. Síðara þrep gagnagreiningar snerist um að kanna hvernig þau hlutverk sem starfsmenn inntu af hendi samkvæmt börnunum endurspegluðu miðlun gilda í leikskólanum. Gildi vísa því til þess sem kennarar og börn líta á sem eftirsóknarvert í samskiptum, hugsunum, hæfni og reglum.

Kenningarlegt sjónarhorn rannsakanda, sem er háð aðferðafræði, aðferðum og heimspekilegri sýn, hefur áhrif á hvernig börn birtast í rannsóknum (Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og Perry, 2011). Hugmyndafræðilegur grunnur og persónuleg reynsla rannsakanda hefur einnig áhrif á það hvernig gögnin eru túlkuð. Margræðni (e. ambiguity) hlýtur því ætíð að fylgja því að kynna sjónarhorn barna og þannig geta rannsakendur aldrei verið fullkomlega vissir um hvernig börn upplifa og tjá reynslu sína.

Siðferðileg álitamál

Rannsóknir þar sem börn eru þátttakendur krefjast þess að rannsakendur sýni sérstaka aðgát varðandi ýmis aðferðafræðileg og siðferðileg álitaeftni, sem varða t.d. rétt barna til friðhelgi og verndar, valdaójafnvægi, upplýst samþykki og trúnað (sjá t.d. Guðrúnu Kristinsdóttur, 2017).

Bent hefur verið á að valdaójafnvægi milli barna og fullorðinna rannsakenda geti m.a. haft það í för með sér að börnin leitist við að þóknast hinum fullorðna. Aðrir hafa bent á að þetta eigi ekki sérstaklega við um börn, þar sem fullorðnir hneigist einnig til að gefa þau svör sem rannsakandinn leitar eftir. Leitað hefur verið leiða til að draga úr þessum áhrifum í rannsóknnum með börnum, til dæmis með því að bjóða þeim að vera nokkur saman í viðtölum, með því að gefa þeim kost á fjölbreyttum aðferðum og með því að rannsóknin fari fram á heimavelli barnanna þar sem þau eru örugg (Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og Perry, 2009; Horgan, 2016; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Í þeim rannsóknnum sem hér eru til umfjöllunar fór gagnaöflun fram í leikskólum barnanna, þar sem þau þekktu sig og voru örugg með sig. Börnin sem tóku þátt voru á mismunandi aldri og voru rannsóknaraðferðir valdar með hliðsjón af því.

Foreldrar allra barnanna samþykktu leyfi fyrir rannsókninni fyrir hönd barna sinna. Upplýst samþykki er ekki síður mikilvægt í rannsóknnum með börnum en í öðrum rannsóknnum. Þegar leitað er eftir upplýstu samþykki barna er það ferli sem varir allan þann tíma sem rannsóknin fer fram. Í því felst ekki eingöngu að veita börnunum upplýsingar í upphafi rannsóknar heldur þarf upplýst samþykki að vera til staðar allan tímann. Rannsakendur hafa leitað leiða til að upplýsa börn um hvað það merkir að taka þátt í rannsókn og sömuleiðis rétt þeirra til að hætta við (Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og Perry, 2012; Dockett, Perry og Kearney, 2013; Harcourt og Conroy, 2011). Í þeim rannsóknnum sem hér er greint frá var rannsóknin kynnt eldri börnunum með því að fara í gegnum bækling með myndum og stuttum texta sem hannaður var með það í huga að kynna rannsóknina. Rannsakandinn fór í gegnum bæklinginn, útskýrði fyrir börnunum og lét þau vita að þau gætu ráðið hvort þau tækju þátt. Til að leita eftir samþykki yngri barnanna fylgdist rannsakandinn með líkamstjáningu þeirra og reyndi að túlka út frá henni hvort þau væru samþykkt þátttöku. Í upphafi rannsóknarinnar gáfu sum barnanna til kynna að þau vildu ekki hafa rannsakanda nærri og var þá orðið við óskum þeirra. Þegar börnin höfðu hins vegar kynnst rannsakanda, sem hafði þá verið í nokkurn tíma á vettvangi, breyttust viðhorf þeirra. Þetta sýnir að tengsl milli rannsakanda og barna sem eru þátttakendur í rannsókninni eru mikilvægur þáttur ferlisins.

Ýmis önnur siðferðileg álitamál í rannsóknnum með ungum börnum hafa verið til umfjöllunar. Sem dæmi má nefna rétt barna til friðhelgi, en því hefur verið velt upp hvort það sé í þágu barna að fullorðnir reyni að komast að bæði stóru og smáu í lífi þeirra (Broström, 2006). Hagsmunir rannsakanda annars vegar og barnanna hins vegar geta verið ólíkir ef börn hætta við þátttöku í miðri rannsókn. Það er mikilvægt að rannsakendur virði tjáningu og rétt barna til þess að hafna þátttöku og taki þann rétt fram yfir eigin rannsóknarhagsmuni.

Á öllum stigum rannsóknar – við val á þátttakendum og aðferðum, við gagnaöflun, greiningu og túlkun gagna – þurfa rannsakendur að hafa það hugfast að raddir barna eru ekki einróma, heldur ávallt félagslegar og háðar félagslegu og menningarlegu umhverfi (Kjørholt, 2008). Bent hefur verið á mikilvægi þess að ná til fjölbreytts hóps barna í rannsóknnum til þess að fá fram sem margbreytilegust sjónarmið (Jóhanna Einarsdóttir og Snæfríður Egilson, 2016; Tisdall, 2013; Vandenbroeck og Bouverne-De Bie, 2006). Í þeim rannsóknnum sem hér eru til umfjöllunar var öllum börnunum á þeim deildum leikskólanna sem tóku þátt boðið að vera með í rannsókninni.

Niðurstöður

Í báðum rannsóknunum birtust samofin þemu sem gáfu innsýn í hugmyndir barnanna um hlutverk leikskólakennara og þau gildi sem miðlað var í leikskólunum. Niðurstöður sýndu að í augum barnanna voru hlutverk starfsmanna margþætt og snerust um *a) að stjórna, b) að veita umhyggju, c) að veita stuðning* í félagslegum aðstæðum og *d) að vera leikfélagi*. Þessar niðurstöður eru að mestu

leyti samhljóða flokkun Anette Koch í rannsókn hennar í dönskum leikskólum, en þar komu fram hlutverkin *leiðbeinandi*, *stjórnandi*, *að veita umhyggju*, *að veita stuðning* og *að vera leikfélagi* (Koch, 2013, 2016).

Þegar skoðuð voru þau *gildi sem endurspegluðust í hlutverkum starfsmanna* kom í ljós að þau voru samofin í hugum barnanna. Þess vegna voru hlutverkin fjögur flokkuð í þrenns konar gildi: *Aga*, *umhyggju* og *þátttöku*. Gildið *agi* endurspeglar stjórnunarhlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna á deildum þar sem reglur eru settar og þess gætt að þeim sé fylgt. Gildið *umhyggja* felur í sér að veita hverju og einu barni stuðning og hlýju og staðfesta færni þess. Gildið þátttaka endurspeglast í hlutverki starfsmanna sem leikfélaga og þátttakenda í samfélagi barnanna.

Agi

Niðurstöður sýndu að börnin litu á aga sem eitt af megingildunum sem starfsmennirnir tjáðu í samskiptum sínum við þau. Agi felur í sér hlýðni og að aðlaga sig að reglum og skipulagi í leikskólanum (Emilson og Johansson, 2009; Fugelsnes, Røthle og Johansson, 2013). Börnin í öllum leikskólunum virtust hafa reynslu af því að starfsmennirnir héldu þar uppi aga og tækju ákvarðanir. Flest barnanna virtust taka þessum reglum og skipulagi sem aginn fól í sér sem sjálfsgöðum hlut. Niðurstöðurnar eru í samræmi við rannsókn á gildum og reglum sem miðlað var í áströlskum leikskóla, þar sem börnin virtust ekki draga í efa reglur og skipulag í skólanum (Johansson o.fl., 2014). Í rannsókninni með yngri börnunum kom hins vegar í ljós að sum börn ögruðu reglunum og léku sér til dæmis á svæðum þar sem ekki var ætlast til að þau lékju sér. Hér fer á eftir dæmi úr viðtali við Magnús, fimm ára, sem útskýrir hvað starfsmennirnir ákveða og hvað börnin geta haft áhrif á í leikskólanum.

R: Getur þú ákveðið eitthvað í leikskólanum?

Magnús: Nei. En við getum ákveðið þegar við erum að velja leiksvæði. Þá stjórnunum við.

Eins og dæmið sýnir litu mörg eldri barnanna svo á að þau yrðu ekki einungis að laga sig að reglum í leikskólanum heldur gætu þau einnig haft einhver áhrif. Þau upplifðu að þau væru við stjórn þegar þau gátu ákveðið hvar þau léku sér. Hins vegar voru það starfsmennirnir sem höfðu tekið ákvarðanir um leiksvæðin, fjölda barna á hverju svæði og hvaða leikefni boðið var upp á hverju sinni. Þetta hlutverk starfsmanna kom einnig skýrt fram í samskiptum yngri barnanna við starfsmennina. Börnin lærðu þannig af eigin reynslu reglur um hegðun sem giltu í leikskólanum, eins og dæmið hér á eftir sýnir. Gabríel, þriggja ára, var að leika sér á gólfinu í einu af litlu leikherbergjunum ásamt nokkrum öðrum börnum:

Gabríel er niðursökkinn við að setja saman lengju úr smágerðum girðingum. Lengjan nær yfir gólfið í herberginu. Hann ýtir henni inn í fremra leikherbergið þar sem starfsmaður fylgist með börnunum. Gabríel segir við starfsmanninn: „Sjáðu stóru veiðistöngina mína“ með eftirvæntingu í röddinni. Starfsmaðurinn samþykkir: „Já, hún er stór“ með hlutlausum tóni í röddinni og bendir í framhaldi á að þessi leikföng eigi ekki að vera í þessu leikherbergi. Gabríel bakkar inn í litla leikherbergið aftur. Leikfélagar Gabríels höfðu fylgst með samskiptum hans og starfsmannsins af athygli.

Þegar Gabríel sýnir veiðistöngina sína virðist tilgangurinn vera að fá viðurkenningu og fá starfsmanninn til að taka þátt í leiknum. Yfirlýsing Gabríels um stærð stangarinnar er staðfest stuttlega en um leið tryggir starfsmaðurinn að reglurnar um hvar leikurinn á að fara fram séu virtar. Gabríel virðir ábendinguna og snýr til baka inn í leikherbergið þar sem hann hafði verið áður. Leikfélagarnir fylgdust grannt með samskiptum Gabríels og starfsmannsins. Af áþekkri reynslu læra börn smám saman hvaða reglur gilda í leikskólanum og hvers þau geta vænst af starfsmönnum. Börnin læra til dæmis að þau eiga að leika sér á fyrirfram ákveðnum stöðum og að hlutverk starfsmanna er að stjórna því án mikillar þátttöku í leik þeirra.

Þetta er í samræmi við niðurstöður finnskrar rannsóknar þar sem reynsla fimm til sjö ára barna af leikskólavist var könnuð. Börnin töldu að eitt af hlutverkum starfsmanna væri að stjórna fjölda barna á leiksvæðum og hlutast til um samskipti barnanna ef þau væru hávaðasöm eða eirðarlaus (Kyrönlampi-Kylmänen og Määttä, 2011). Áströlsku börnin í rannsókn Johansson og félaga (Johansson o.fl., 2014) tóku því einnig sem gefnu að kennarar hefðu rétt til að taka ákvarðanir um reglur og þau áttuðu sig á afleiðingum þess að brjóta þær.

Umhyggja

Umhyggja og tengsl byggð á umhyggju virtust vera lykilgildi í augum barnanna. Það var mikilvægt fyrir börnin að starfsmennirnir væru tilfinningalega og andlega til staðar og tækju þátt í lífi þeirra í leikskólanum. Því fylgdi einnig að þeir sýndu hverju og einu barni umhyggju, staðfestu færni þeirra og veittu þeim stuðning í samskiptum þeirra við félagana. Þetta er í samræmi við kenningar Nel Noddings (1992) sem bendir á að umhyggja og að sýna öðrum umhyggju séu grundvallarþarfir manneskjunnar. Þetta rímar einnig við norræna stefnumótun í málefnum leikskóla. Í öllum aðalnámskrám norrænna leikskóla er lögð áhersla á umhyggju. Fram kemur að það sé á ábyrgð fullorðinna að skapa tengsl við börnin sem byggjast á umhyggju. Umhyggja tekur bæði til grundvallarumönnunar og tengsla, sem litið er á sem forsendu vellíðunar, náms og þroska barna (Jóhanna Einarsdóttir, Puroila, Johansson, Broström og Emilson, 2015). Dæmið hér á eftir sýnir hvernig umhyggjutengsl birtast í samskiptum eins og hálf sárs drengs, Símonar, og starfsmanns.

Símon situr í háum stól að púsla. Hann hættir og lítur í kringum sig í leikherberginu og kemur auga á starfsmann sem kom inn rétt í þessu. Hann bendir í áttina að honum og kallar: „Ásta“, Ásta kallar til hans á móti „Símon“ með glaðlegri röddu. Símon klifrar niður úr stólum og gengur til Ástu. Hún tekur hann upp og segir blíðlega: „Komdu hérna, litli minn.“ Símon brosir.

Þarna sýnir Símon ánægju yfir því að Ásta er mætt og fangar athygli hennar með því að kalla nafnið hennar. Ásta bregst jákvætt við og sýnir honum umhyggju með því að taka hann í fangið. Samskiptin milli Símonar og Ástu lýsa gagnkvæmum tengslum milli þeirra.

Þegar fimm ára börnin voru spurð um hlutverk starfsmanna nefndu mörg þeirra mikilvægi samskipta starfsmanna sem byggðust á hlýju og umhyggju, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- Þeir hjálpa börnum
- Þeir eru góðir við börnin
- Þeir hugga börnin
- Þeir líta eftir börnum

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal barna í fyrsta bekk grunnskóla þar sem þeim var boðið að rekja minningar sínar úr leikskóla. Börnin töluðu ekki mikið um starfsmennina en mörg þeirra minntust á starfsmennina þegar þau voru spurð hvenær þau hefðu upplifað sig örugg; þau hefðu verið örugg þegar þau voru nærri starfsmönnum. Þannig virtist umhyggja og stuðningur starfsmanna fléttast saman í huga barnanna og vera mikilvægur þáttur í reynslu þeirra af leikskólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2011). Niðurstöðurnar eru einnig samhljóða nýlegri rannsókn (Broström, 2016) í Danmörku þar sem tíu ára börn ígrunduðu reynslu sína af leikskóla. Minningar barnanna um leikskólann vörðuðu samskipti við félagana og vini og jákvæð samskipti við leikskólakennara. Börnin tjáðu sig ekki um viðfangsefni sem voru skipulögð eða stjórnað af kennurum. Hins vegar kom fram í rannsókn á upplifun barna af grískum leikskólum að börnin lýstu aðallega jákvæðum samskiptum við kennara sína og að gæðin í samskiptunum tengdust þátttöku barnanna í kennarastýrðum verkefnum (Papadopoulou og Gregoriadis, 2016).

Þátttaka

Í báðum rannsóknunum lýstu börnin yfir og tjáðu mikilvægi þess að fá viðurkenningu og stuðning frá starfsmönnum. Mikilvægi þess að vera hluti af hópnum og tilheyra samfélagi barnanna kom skýrt fram en jafnframt töldu börnin það mikilvægt að starfsmennirnir væru þátttakendur í samfélaginu með þeim. Börnin lögðu ekki eingöngu áherslu á stuðning heldur einnig á hlutverk starfsmanna sem leikfélaga, en það er í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992) og Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), þar sem áhersla er lögð á að gæta jafnvægis milli þess að líta til hæfni og styrkleika barna og þess að börn þurfi einnig vernd, leiðsögn og umhyggju.

Gildin þátttaka og umhyggja voru greinilega samtvinnuð í huga barnanna. Þau sóttust oft eftir stuðningi starfsmanna á mismunandi stigum í leiknum. Þannig gáfu þau t.d. til kynna að þau þörfuðust aðstoðar við að hefja leik, við að halda leiknum áfram þegar hann var að renna út í sandinn, eða þegar áttök áttu sér stað í samskiptunum. Starfsmennirnir studdu börnin í leikstundum ef þeir litu svo á að þau þyrftu þess með, til dæmis skárust þeir í leikinn þegar börnin rifust um leikföng eða byrjuðu leik með yngri börnunum og drógu sig svo í hlé. Viðbrögð og stuðningur starfsmanna var mismunandi og fór eftir börnum. Dæmið hér á eftir sýnir tvö börn; Ísabellu, eins og hálfis árs, og Gísla, tveggja ára, sem sitja saman við hátt borð. Annað barnið óskar eftir stuðningi starfsmanns vegna óviðeigandi hegðunar leikfélagans.

Ísabella er með bát á hjólum og Gísli með strætó. Nokkur smádýr eru líka á borðinu. Börnin ýta leikföngunum fram og til baka og horfa brosandí hvort á annað. Gísli setur eitt dýrið inn í bát Ísabellu, leggst fram á borðið, lítur inn í bátinn og segir: „Halló“ gláðlegri röddu. Ísabella horfir á Gísla og slær hann í andlitið og brosir. Gísli dregur sig til baka, horfir hissa á hana og segir: „Þú mátt ekki gera.“ Hann lítur alvarlegur á svip í áttina til starfsmanns meðan hann nuddar andlitið. Starfsmaðurinn er upptekinn við að aðstoða annað barn og tekur ekki eftir þessu atviki. Gísli hallar sér fram og leggur höfuðið á borðið en Ísabella horfir fram í leikherbergið.

Í dæminu má sjá að Gísli leiðir leikinn við Ísabellu, sem hermir eftir athöfnum hans. Stuttu stund ná börnin að skapa sameiginlegan leik með augnsambandi og að ýta farartækjunum fram og til baka. Gísli reynir að bæta við leikinn með því að setja dýr inn í bátinn hjá Ísabellu. Hún horfir á hann og slær hann en brosir um leið. Gísli dregur sig í hlé og horfir hissa á hana og minnir hana á að þetta sé ekki rétt hegðun. Þegar hér er komið sögu þarfnast Gísli stuðnings og þátttöku starfsmanns og lítur í áttina til starfsmannsins, en hann tekur ekki eftir þessu þar sem önnur börn kalla á athygli hans. Gísli og Ísabella fengu því ekki tækifæri til að þróa samskipti sín og leik frekar. Þetta er í samræmi við niðurstöður Sandberg og Eriksson (2010) sem sýndu að börn þörfuðust stuðnings kennara í árekstrum sem áttu sér stað í leiknum og að kennarar gátu einnig verið uppþótarleikfélagar ef enginn félagi var til staðar.

Eldri börnin tjáðu einnig þörf fyrir þátttöku starfsmanna í leik. Dæmið hér á eftir sýnir hvernig Atli, fimm ára, bregst við spurningu um hlutverk og verkefni starfsmanna í leikskólanum. Viðhorf hans lýsa ósk um viðurkenningu og þátttöku starfsmanna í leiknum.

- R: Hvað er það skemmtilegasta sem kennarar gera?
- Atli: Að gera eitthvað með okkur.
- R: Er gaman þegar þeir gera eitthvað með ykkur? Leika við ykkur?
- Atli: Já, en það er ekki oft.

Börnin virtust vilja að starfsmenn væru þátttakendur í samfélagi þeirra. Samt sem áður var það ekki alltaf raunin. Oft voru starfsmenn á hliðarlínunni, fylgdust með börnunum og blönduðu sér aðeins inn í ef einhver óskaði aðstoðar eða að ágreiningur kom upp meðal barnanna. Þetta er í samræmi við aðrar norrænar rannsóknir sem gefa til kynna að hefðir leikskólans (e. pedagogical traditions) séu þær að starfsmenn haldi sig í bakgrunni og „bíði og sjái“ hvort stuðnings sé þörf (Jóhanna

Einarsdóttir, 2005; Kyrönlampi-Kylmänen og Määttä, 2011; Pramling Samuelsson og Johansson, 2009; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017).

Hér er svo annað dæmi þar sem fjögur börn, öll á þriðja ári, voru í leik og reyndu að fá starfsmanninn til að taka þátt í leiknum. Börnin voru inni í öðru af stærri leikherbergjunum og völdu að leika á gólfinu með trélestir og lestarteina. Einn starfsmaður var í hvoru leikherbergi. Dæmið sýnir hvernig viðbrögð starfsmannsins geta haft áhrif á þróun leiksins.

Lára, Njáll, Rósa og Bergþór eru að setja saman lestarteina þegar Njáll sest allt í einu niður og byrjar að gelta. Lára tekur í peysuna hans og segir „hundur“ með hlýju í málrómnunum. Hún gengur um með „hundinn“ og Rósa og Bergþór fylgjast með. Lára og Njáll ganga í áttina að starfsmanninum sem er í hinu leikherberginu. Hún bendir á að „hundakofinn“ sé ekki í þessu herbergi. Börnin snúa til baka en Rósa og Bergþór herma eftir þeim. Nú er Bergþór hundur og þau ganga í áttina að sama starfsmanni. Nú bregst starfsmaðurinn við með því að spyrja börnin hvort þau séu hætt að leika með trélestina og ef svo er þá eigi þau að ganga frá henni í kassann. Börnin hætta í hundaleiknum og byrja að taka lestina saman og raula lágt á meðan „taka lestina saman“.

Í dæminu koma fram ólík sjónarhorn barnanna og starfsmannsins. Tilgangur og löngun barnanna virðist vera að fá starfsmanninn til að taka þátt í leiknum. Önnur hugsanleg skýring á athöfnum þeirra gæti verið sú að þau væru að ögra reglum og skipulagi leikstundanna þar sem gert var ráð fyrir að þau lékju sér á fyrirfram ákveðnum stöðum eftir að þau höfðu valið sér leikefni. Starfsmaðurinn beinir athygli barnanna að reglunni um það hvar leikurinn eigi að fara fram. Þegar Rósa og Bergþór herma eftir og endurtaka leikinn skömmu síðar gengur starfsmaðurinn skrefi lengra. Hann bendir á að börnin séu ekki að leika „réttan“ leik þar sem þau höfðu valið að leika með trélestina. Rannsóknir sýna að mikilvægur þáttur í námi leikskólabarna er að starfsmenn leitist við að nálgast sjónarhorn þeirra. Þátttaka starfsmanna byggist þannig á tilfinningalegri nærveru, stuðningi og viðbrögðum sem eru í samræmi við athafnir barnanna (Emilsson og Johansson, 2009; Goouch, 2008). Í dæminu virðist starfsmaðurinn ekki hafa þetta að leiðarljósi. Samt sem áður má sjá að börnin virða stjórn og ákvarðanir starfsmannsins og sýna þannig hæfni sína og vilja til samstarfs. Þegar þeim er bent á að taka leikföngin saman hefst þau strax handa við tiltekt og gera það á leikrænan hátt.

Umraeda

Samkvæmt hugmyndum barnanna voru hlutverk starfsmanna leikskólanna margþætt og flókin og má ætla að þau endurspegli þau gildi sem miðlað var í leikskólunum. Í augum barnanna snerust hlutverkin um stjórnun, umhyggju og stuðning, auk þess sem þeim fannst mikilvægt að starfsmenn væru leikfélagar og þátttakendur í samfélagi barnanna. Niðurstöður má flokka í þrjú gildi; aga, umhyggju og þátttöku, sem oft birtust samtvinnuð í samskiptum starfsmanna við börnin.

Við fyrstu sýn gæti svo virst sem stjórnunarhlutverkið endurspegladi ákveðna fjarlægð frá sjónarhorni barnanna, en hin hlutverkin, umhyggja, stuðningur og leikfélagi, endurspegluðu nánari tengsl og þátttöku starfsmanna. Þegar betur er að gáð er málið ekki alveg svo einfalt. Hlutverk starfsmanna ráðast ekki eingöngu af gildum og uppeldisfræðilegri þekkingu heldur einnig af menningu leikskólans og skipulagi leikskólastarfsins. Hlutverk starfsmanna eru þannig háð kringumstæðum, tíma dagsins, barnahópnum og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni. Aga, umhyggju og þátttöku er miðlað gegnum þessi hlutverk og þau eru samofin leikskólaumhverfinu.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt að ákvarðanir starfsfólks og viðbrögð eru hvorki tæknileg né hlutlaus, heldur tengd gildum þess og sannfæringu (Puroila og Haho, 2017). Uppeldislegur ásetningur verður þó oft að víkja til hliðar vegna stofnanalegra hindrana (Johansson o.fl., 2015). Daglegt starf í leikskóla er því háð mörgum samverkandi þáttum sem hafa áhrif á nám barnanna og möguleika þeirra til þátttöku og áhrifa í leikskólastarfinu.

Frá sjónarhorni barnanna virtust hlutverk starfsmannanna að sumu leyti mótsagnakennd (e. contradictory). Annars vegar var sameiginleg ákvarðanatáka takmörkuð og börnin litu svo á að valdið væri í höndum starfsmanna. Flest börnin virtust taka þessu sem sjálfsögðum hlut, virtu stjórnun starfsmanna, sýndu vilja til að vinna saman og að fara eftir reglum. Þau öxluðu jafnvel ábyrgð og minntu yngri börnin á reglur og ákjósanlega hegðun. Á hinn bóginn virtust börnin líta svo á að starfsmennirnir hefðu ekki mikið frumkvæði, heldur væri hlutverk þeirra fólgið í því að fylgjast með og styðja við börnin, sem gefur til kynna að börnin upplifðu að þau væru sjálf við stjórnvölinn. Það má velta fyrir sér hvort starfsmenn, meðvitað eða ómeðvitað, ýti undir lýðræði og veiti öllum börnum tækifæri til að þróa félagslega færni sína með því að halda sig til hlés.

Börnin tjáðu einnig andstæð sjónarmið varðandi þátttöku starfsfólksins í leiknum. Annars vegar gáfu þau til kynna að þau ættu sjálf að bera ábyrgð, en um leið kom fram að þau vildu oftast þátttöku starfsmanna en raunin var. Í nýlegri rannsókn þar sem sýn barna á hlutverk leikskólakennara í leik var könnuð kom í ljós að staða barnanna í leiknum hafði áhrif á hvernig þau litu á hlutverk kennaranna. Börnin sem höfðu ráðandi stöðu í leiknum litu svo á að þátttaka kennara eyðilegði fremur leikinn á meðan börnin sem voru fylgjendur þurftu gjarnan á stuðningi leikskólakennarans að halda og sóttust eftir nærveru hans í leik sínum (Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Þetta er einnig í samræmi við *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992), þar sem áhersla er lögð á jafnvægi milli styrkleika barna og færni en jafnframt þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Í samskiptum barnanna mátti einnig greina núning milli þess að fylgja reglum starfsmanna annars vegar og á hinn bóginn að ögra reglum og hafa áhrif á umhverfið. Í rannsókn Koch (2013, bls. 18) meðal danskra leikskólabarna kom í ljós að börnin sköpuðu „neðanjarðarlíf“ (e. underground life) sem starfsfólk tilheyrði ekki, en um leið voru þau háð hinum fullorðnu. Í neðanjarðarlífi barnanna sköpuðu þau eigin reglur og fengust við viðfangsefni jafnhliða verkefnum sem skipulögð voru af starfsmönnum. Það er fagleg áskorun að gæta ætíð að réttindum barna og leyfa þeim að njóta hæfni sinnar til að hafa áhrif á daglegt líf sitt í leikskóla en gæta um leið að því að þau eru viðkvæm og háð hinum fullorðnu.

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á sýn barnanna á þau gildi sem lögð var áhersla á í leikskólunum þremur og hvernig þau tókust á við aðstæður þar sem gildin stönguðust á. Leikskólabörnin nota gildin; aga, umhyggju og þátttöku, til að kanna réttindi sín og áhrifamátt. Á fyrstu árunum í leikskólanum virtust börnin læra reglur og gildi leikskólans og samsama sig þeim, og átta sig um leið á því hvers þau gætu vænt af starfsmönnum.

Í rannsókninni kemur glögg í ljós að börnin tjáðu reynslu sína og sjónarmið á fjölbreyttan hátt, bæði með og án orða. Þau gáfu til kynna að það væri þeim mikilvægt að skapa samfélag í leikskólanum sem byggðist á tengslum og gildum samfélagsins um það sem er gott og eftirsóknarvert (Halsted og Taylor, 2000; Johansson, 2011). Börnin vildu að starfsmennirnir tilheyrðu samfélagi þeirra og að þeir tækju til greina sjónarhorn þeirra, áhuga og reynslu. Í bernskurannsóknum og hreyfingu um réttindi barna er lögð áhersla á styrkleika og þátttöku barna og hæfni þeirra til að greina frá skoðunum sínum og reynslu (Dahlberg og Moss, 2005, James og Prout, 1997; Jenks, 2004; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Qvortrup, 1994; United Nations, 2005). Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um hæfni barnanna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, en jafnframt um þá viðkvæmu stöðu sem þau eru í gagnvart starfsmönnum leikskólans. Það kom glögg fram hjá börnunum að þau töldu hlutverk starfsfólks sem leikfélaga og þátttakenda í samfélagi sínu vera afar mikilvægt. Þetta kallar á starfshætti sem fela í sér að starfsfólk setji sig í spor barnanna og leitist við að sjá hlutina frá þeirra sjónarhóli, en það er forsenda þess að skapa samstöðu og draga úr valdaójafnvægi milli starfsmanna og barna.

Í leikskólastarfi er mikilvægt að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn á deildum átti sig á því hvernig þeir, meðvitað og ómeðvitað, miðla gildum til barna. Það gera þeir með því að hlusta á hvað börnunum liggur á hjarta og með því að meta eigin starfshætti. Niðurstöður nýrra rannsókna á gildum í leikskólastarfi varpa ljósi á hvernig starfsfólk getur með fagþróun og ígrundun áttað sig betur á þeim gildum sem það miðlar í starfi sínu með börnum (Ingibjörg Sigurðardóttir og

Jóhanna Einarsdóttir, 2016; Juutinen og Viljamaa, 2016). Niðurstöður rannsóknarinnar sem hér var til umfjöllunar gefa til kynna að það sé mikilvægur þáttur í starfsþróun leikskólakennara að þeir ígrundi eigin gildi og starfshætti.

Preschool Teachers in the Eyes of Children: Roles and Values in Preschools

The aim of the article is to investigate children's views on their preschool educators. It is based on two studies with children aged one to five years old in Icelandic preschools (Hrönn Pálmadóttir & Jóhanna Einarsdóttir, 2015; Jóhanna Einarsdóttir, 2014). By examining the children's views on the educators' roles, responsibilities, and actions, an attempt was made to understand the conscious and unconscious values that preschool educators communicate to children. The foundations of the two studies are ideas of childhood studies that aim to understand childhood as it is experienced by children, and emphasise the perspectives, agency, and rights of children. Childhood is viewed as a social construction and children are regarded as competent active citizens, capable of participating in and influencing their environment (Dahlberg & Moss, 2005; James & Prout, 1997; Jenks, 2004; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Qvortrup, 1994). Childhood studies share intersecting visions and interest with the children's rights movement, which has a base in the UN Convention on the Rights of the Child (United Nations, 2005) which recognizes respect for children's views and their rights to express their opinions and influence their environment. Early-childhood education settings are seen as significant places for children to learn values (Emilson & Johansson, 2009). In this study, values are understood as fundamental principles and convictions which guide behaviour (Halstead & Taylor, 2000, p. 169). Values education refers to educational practices through which children develop and learn values. Values education can be characterised as either explicit, which refers to embedding teaching values in the official curriculum, or implicit, which refers to communicating values through daily practices in educational settings (Thornberg & Oguz, 2013). The article aims to answer two questions:

- How do children view the roles of preschool educators?
- What values do preschool educators communicate to children?

Four groups of children in three Icelandic preschools participated in the study. In one of the preschools, 46 children, aged one to three, participated. In two preschools, 32 of the oldest preschool children, aged five to six, participated. The younger children's views were observed mainly through video recordings made during play sessions over a period of five months in one preschool. The older children were given disposable cameras and invited to take photos of what they were doing in preschool. They could also take pictures of the educators and what the educators did in preschool. After the pictures were developed, the children were interviewed individually. Conducting research with children demands attention to several methodological and ethical issues. In this study, the inequality of power between children and the adult researcher was kept in mind; the children were informed of their right to opt out of the study, and when seeking their consent verbal as well as non-verbal gestures were recognized. The findings reveal that according to the children, the roles of the educators were manifold and complex, and it can be assumed that they reflect the values communicated in the preschools. In the eyes of the children, the roles evolved around control, care and support, but the children also found it important that the educators were their playmates and participants in their community. The findings were grouped into three value fields: discipline, care and participation; these were integrated in daily interaction with the children. Discipline stands for the educator's role as controller who sets the rules and makes sure they are followed. The value

of care involves providing the children with support and the value of participation involves the roles of the educators as playmates and participants in the children's community. The study gives a glimpse of how children express their experiences and perspectives through various means, both non-verbal and verbal. The findings indicate that children are competent to communicate their perspectives, but they are also in a vulnerable position towards the adult educators. The study provides important implications for practice as preschool educators become aware of how they consciously and unconsciously communicate values to children. It is of vital importance that they listen to the children and demonstrate their concern about their acts of meaning, which can provide information about children's perspectives. It is the educators' responsibility to hear what children have to say and to become aware of the explicit and implicit values they are communicating to children.

Key words: Children's perspectives, Preschool, Educators' role, Values, Discipline, Care, Participation

Um höfundana

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) er prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er einnig heiðursdoktor við Háskólann í Oulu í Finnlandi. Hún hefur stundað rannsóknir í leik- og grunnskólum um árabíl og ritað fjölda fræðigreina og bóka um efnið. Sérsvið hennar eru rannsóknir með börnum, samfella í námi barna og starfendarannsóknir. Hún er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum bæði sem rannsakandi og ráðgjafi. Jóhanna situr í stjórn European Early Childhood Education Research Association.

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræði ungra barna frá Háskóla Íslands árið 2015. Helstu áherslusvið í rannsóknum eru samskipti og leikur ungra barna ásamt starfsháttum leikskólakennara.

About the authors

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) is a Professor of Early Childhood Education at the University of Iceland. She holds an Honorary Doctorate from the University of Oulu in Finland. She has been involved in several international research projects as a researcher and a consultant and published together with international colleagues. Her areas of expertise are educational transitions, children's perspectives and action research. Jóhanna Einarsdóttir is on the EECERA Board of Trustees.

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She completed her doctoral degree from Iceland University of Education in 2015. Her main research interests include children's interaction and play, as well as preschool teachers' pedagogical approach.

Heimildir

- Alanen, L. (2011). Editorial: Critical childhood studies? *Childhood*, 18(2), 147–150.
doi: 10.1177/0907568211404511
- Alderson, P. (2012). Right-respecting research: A commentary on ‘the right to be properly researched: Research with children in a messy, real world’. *Children’s Geographies*, 10(2), 233–239. doi: 10.1080/14733280903234428
- Bae, B. (2009). Children’s right to participate – challenges in everyday interactions. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(3), 391–406. doi:10.1080/13502930903101594
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage.
- Broström, S. (2006). Children’s perspectives on their childhood experiences. Í Jóhanna Einarsdóttir og J. T. Wagner (ritstjórar), *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden* (bls. 223–256). Connecticut: Information Age.
- Broström, S. (2016). Ten-year-olds’ reflections on their life in preschool. *Nordic Studies in Education*, 36(1), 3–19. doi: 10.18261/issn.1891-5949-2016-01-02
- Dahlberg, G. og Moss, P. (2005). *Ethics and politics in early childhood education*. London: Routledge Falmer.
- Dockett, S., Jóhanna Einarsdóttir og Perry, B. (2009). Researching with children: Ethical tensions. *Journal of Early Childhood Research*, 7(3), 283–298. doi:10.1177/1476718X09336971
- Dockett, S., Jóhanna Einarsdóttir og Perry, B. (2011). *Balancing methodologies and methods in researching with young children*. Í D. Hartcourt, B. Perry og T. Waller (ritstjórar), *Researching young children’s perspectives: Debating the ethics and dilemmas of educational research with children* (bls. 68–72). London: Routledge.
- Dockett, S., Jóhanna Einarsdóttir og Perry, B. (2012). Young children’s decisions about research participation: Opting out. *International Journal of Early Years Education*, 20(3), 244–256. doi: 10.1080/09669760.2012.715405
- Dockett, S., Perry, B. og Kearney, E. (2013). Promoting children’s informed assent in research participation. *International Journal of Qualitative Studies in Education*, 26(7), 802–828. doi:10.1080/09518398.2012.66289
- Emilson, A. og Johansson, E. (2009). The desirable toddler in preschool. Values communicated in teacher and child interaction. Í J. B. D. Berthelsen og E. Johansson (ritstjórar), *Participatory learning in the early years: Research and pedagogy* (bls. 61–77). New York: Routledge, Taylor & Francis Group.
- Fugelsnes, K., Røthle, M. og Johansson, E. (2013). Values at stake in interplay between toddlers and teachers. Í O. F. Lillemyr, S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Varied perspectives on play and learning: Theory and research on early years education* (bls. 109–125). Charlotte, NC: Information Age Publishing.
- Goouch, K. (2008). Understanding playful pedagogies, play narratives and play spaces. *Early Years*, 28(1), 93–102.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2017). Þátttaka barna í vísindarannsóknnum. *Almenn leiðsögn*. Sótt af https://www.hi.is/sites/default/files/sverrirg/thattaka_barna_i_rannsoknum.pdf
- Halstead, J. M. og Taylor, M. J. (2000). Learning and teaching about values: A review of recent research. *Cambridge Journal of Education*, 3(2), 169–202.
- Harcourt, D. og Conroy, H. (2011). Informed consent. Processes and procedures seeking research partnership with young children. Í D. Harcourt, B. Perry og T. Waller (ritstjórar), *Researching young children’s perspectives. Debating the ethics and dilemmas of educational research with children* (bls. 38–51). London: Routledge.
- Hitlin, S. og Piliavin, J. A. (2004). Values: Reviving a dormant concept. *Annual Review of Sociology*, 30(1), 149–178.

- Horgan, D. (2016). Child participatory research methods: Attempts to go 'deeper'. *Childhood*, 24(2). doi:10.1177/0907568216647787
- Hrönn Pálmadóttir. (2017). Gildi í samskiptum og leik ungra leikskólabarna. *Sérrit Netlu 2017 – Innsýn í leikskólafarfarir*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/003.pdf
- Hrönn Pálmadóttir og Johansson, E. (2015). Young children's communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years: An International Research Journal*, 35(3), 289–302. doi:10.1080/09575146.2015.1048429
- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2015). Young children's views of the role of preschool educators. *Early Child Development and Care*, 185(9), 1480–1494. doi:10.1080/03004430.2015.1004056
- Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2016). An action research study in an Icelandic preschool: Developing consensus about values and values education. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 161–177. doi:10.1007/s13158-016-0161-5
- James, A. og Prout, A. (ritstjórar). (1997). *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood*. London: Falmer.
- Jenks, C. (2004). Constructing childhood sociologically. Í M. J. Kehily (ritstjóri), *An introduction to childhood studies* (bls. 77–95). Berkshire, England: Open University Press.
- Johansson, E. (2011). Investigating morality in toddler's worlds. Í E. Johansson og J. White (ritstjórar), *Educational research with our youngest: Voices of infants and toddlers* (bls. 127–140). Dordrecht, Heidelberg, London, New York: Springer Science+Business media.
- Johansson, E., Cobb-Moore, C., Ailwood, J., Lunn-Brownlee, J., Walker, S. og Bulton-Lewis, G. (2014). Children's perspectives on values and rules in Australian early education. *Australian Journal of Early Childhood*, 39(2), 12–20.
- Johansson, E., Fugelsnes, K., Ianke Mørkeseth, E., Röthle, M., Tofteland, B. og Zachrisen, B. (2015). *Verdipædagogikk i barnehagen*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). We can decide what to play! Children's perception of quality in an Icelandic playschool. *Early Education and Development*, 16(4), 469–488.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Research with children: Methodological and ethical challenges. *European Early Childhood Education Research Journal*, 15(2), 197–211.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2011). Reconstructing playschool experiences. *European Early Childhood Education Research Journal*, 19(3), 389–404. doi: 10.1080/1350293X.2011.597970
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknnum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Gardarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13–27). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2014). Children's perspectives on the role of preschool teachers. *European Early Childhood Education Research Journal*, 22(5), 679–698. doi:10.1080/1350293X.2014.969087
- Jóhanna Einarsdóttir, Puroila, A.-M., Johansson, E., Broström, S. og Emilson, A. (2015). Democracy, caring and competence: Values perspectives in ECEC curricula in the Nordic countries. *International Journal of Early Years Education*, 23(1), 97–114. doi:10.1080/09669760.2014.970521
- Jóhanna Einarsdóttir og Snæfríður Egilson. (2016). Embracing diversity in childhood studies: Methodological and practical considerations. Í A. Farrell og I. Pramling Samuelsson (ritstjórar), *Diversity: Intercultural Learning and Teaching in the Early Years* (bls. 35–53). Oxford: Oxford University Press.
- Juutinen, J. og Viljamaa, E. (2016). A narrative inquiry about values in a Finnish preschool: The case of traffic lights. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 193–207. doi:10.1007/s13158-016-0165-1
- Kjørholt, A. T. (2008). Children as new citizens: In the best interest of the child? Í A. James og A. L. James (ritstjórar), *European childhoods: Cultures, politics and childhoods in Europe* (bls. 14–37). New York: Palgrave Macmillan.

- Kjørholt, A. T. og Qvortrup, J. (2012). *The modern child and the flexible labour market. Early childhood education and care*. London: Palgrave Macmillan.
- Koch, A. B. (2013). Börns perspektiver på trivsel: Aktivitet og underaktivitet i børnehaven. *Nordic Early Childhood Education Research Journal*, 6(12), 1–21. doi: 10.7577/nbf.397
- Koch, A. B. (2016). Pædagogens rolle og betydning for trivsel i børnehaven. *Nordic Studies in Education*, 36(3), 193–210.
- Kyrönlampi-Kylmänen, T. og Määttä, K. (2011). What do the children really think about a day-care centre. The 5 to 7-year old Finnish children speak out. *Early Child Development and Care*, 182(5), 505–520. doi: 10.1080/03004430.2011.557861
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/namskrar/leikskolar/>
- Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education*. New York: Teachers College Press.
- Papadopoulou, E. og Gregoriadis, A. (2016). Young children's perceptions of the quality of teacher-child interactions and school engagement in Greek kindergartens. *Journal of Early Childhood Research*, 15(3), 323–335. doi:10.1177/1476718X16656212
- Pramling Samuelsson, I., og Johansson, E. (2009). Why do children involve teachers in their play and learning? *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(1), 77–94. doi:10.1080/13502930802689053
- Puroila, A. M. og Haho, A. (2017). Moral functioning: Navigating the messy landscape of values in Finnish preschools. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 61(5), 540–554. doi:10.1080/00313831.2016.1172499
- Quennerstedt, A. og Quennerstedt, M. (2014). Researching children's rights in education: Sociology of childhood encountering educational theory. *British Journal of Sociology of Education*, 35(1), 115–132. doi: 10.1080/01425692.2013.783962
- Qvortrup, J. (1994). Childhood matters: An introduction. Í J. Qvortrup, M. Bardy, G. Sgritta og H. Wintersberger (ritstjórar), *Childhood matters: Social theory, practice and politics* (bls. 1–24). Aldershot: Avebury.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992). Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1992018.2c5.html>
- Sandberg, A. og Eriksson, A. (2010). Children's participation in preschool – on the conditions of the adults? Preschool staff's concepts of children's participation in preschool everyday life. *Early Child Development and Care*, 180(5), 619–631. doi: 10.1080/03004430802181759
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Sérít Netlu 2017 – Innsýn í leikskólustarf*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf
- Sommer, D. (2012). *A childhood psychology: Young children in changing times*. New York, NY: Palgrave Macmillan.
- Thornberg, R. (2008). The lack of professional knowledge in values education. *Teaching and Teacher Education*, 24(7), 1791–1798. doi:10.1016/j.tate.2008.04.004
- Thornberg, R. og Oguz, E. (2013). Teachers' view on values education: A qualitative study on Sweden and Turkey. *International Journal of Educational Research*, 59(1), 49–56. doi: 0.1016/j.ijer.2013.03.005
- Tisdall, E. K. M. (2013). The transformation of participation? Exploring the potential of 'Transformative Participation' for theory and practice around children and young people's participation. *Global Studies of Childhood*, 3(2), 183–193.
- Trevarthen, C. og Aitken, K. J. (2001). Infant subjectivity: Research, theory, and clinical applications. *Journal of Child Psychology, and Psychiatry and Allied Disciplines*, 42(1), 3–48. doi: 10.1017/S0021963001006552

United Nations. (2005). *Convention on the rights of the child: General Comment No. 7. Implementing child rights in early childhood*. Genf: Höfundur.

Vandenbroeck, M. og Bouverne-De Bie, M. (2006). Children's agency and educational norms: A tensed negotiation. *Childhood*, 13(1), 127–143. doi: 10.1177/0907568206059977



Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir (2019).

Hvaða augum líta börn leikskólakennara? Hlutverk og miðlun gilda í leikskólum.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/01.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.33>